



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **FORSETI ÍSLANDS SÆKIR FRIÐARRÁÐSTEFNU Í PARÍS Í BOÐI FORSETA FRAKKLANDS**

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson heldur til Frakklands á laugardaginn til að taka þátt í alþjóðlegri friðarráðstefnu, „Paris Peace Forum“, í boði Emmanuels Macrons Frakklandsforseta.

Forseti Frakklands býður til þessarar ráðstefnu í tilefni af því að eitt hundrað ár eru liðin frá lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar sem þá var mannskæðasta styrjöld sem háð hafði verið í Evrópu. Styrjöldin var einnig tilefni stofnunar alþjóðlegra samtaka sem koma áttu í veg fyrir slíkar hörmungar í framtíðinni.

Forseti mun ásamt öðrum þjóðarleiðtogum sitja hátíðarkvöldverð í boði forseta Frakklands að kvöldi laugardagsins 10. nóvember. Ráðstefnan hefst síðan formlega með minningarathöfn við Sigurbogann í París að morgni sunnudagsins en svo býður forseti Frakklands til hádegisverðar. Við opnun ráðstefnunnar flytja m.a. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, ávörp en síðar um daginn flytur forseti Íslands ávarp fyrir hönd Íslendinga og færir Friðarbókasafninu bók að gjöf.

Síðdegis á morgun, laugardaginn 10. nóvember, heimsækir forseti Erró í vinnustofu hans.

*9. nóvember 2018*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*